

**MARKAÐSSETNING
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
Á ERLENDUM MÖRKUÐUM
UNDIR VÖRUMERKINU REYKJAVÍK**



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



**Erlendir ferðamenn í Reykjavík 2004-2013
– samanburður og þróun**

**Unnið fyrir SSH, desember 2013
Höfundur Rögnvaldur Guðmundsson
Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar - RRF**

„Erlendir ferðamenn í Reykjavík 2004-2013 – samanburður og þróun“ er hluti af Sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2013 sem er fjármagnað m.a. af ríkissjóði samkvæmt sérstökum samningi þar um. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu annast úrvinnslu og framkvæmd sóknaráætlunarinnar og bera ábyrgð á framtangi þeirra verkefna sem falla undir hana.

Innihald, skoðanir og niðurstöður eru á ábyrgð skýrsluhöfundar.



Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| Samantekt | 1 |
| 1.0 Inngangur | 3 |
| 1.1 Könnunin | 3 |
| 1.2 Úrvinnsla | 3 |
| 2.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2013 | 5 |
| 2.1 Fjöldi ferðamanna og gistenátta | 5 |
| 2.2 Ferðamáti og farartæki | 6 |
| 3.0 Komur, dvöl og nætur erlendra ferðamanna í Reykjavík | 6 |
| 3.1 Komur og dvalarlengd | 7 |
| 3.2 Gistinætur | 8 |
| 4.0 Afþreying erlendra ferðamanna í Reykjavík | 9 |
| 4.1 Á veitingahús | 10 |
| 4.2 Verslað | 10 |
| 4.3 Skipulögð dagsferð frá Reykjavík | 11 |
| 4.4 Á söfn eða sýningar | 12 |
| 4.5 Í sundlaug/spa | 13 |
| 4.6 Stunduð næturlífið | 13 |
| 4.7 Á listviðburð | 15 |
| 4.8 Í skipulagða skoðunarferð um Reykjavík | 16 |
| 4.9 Einkunn afþreyingarþátta í Reykjavík | 17 |
| 5.0 Reynslan af Reykjavík | 18 |
| 6.0 Mæla með Reykjavík | 18 |



Samantekt

Komur, dvalarlengd og gistenætur í Reykjavík

- 87-91% erlendra sumargesta og 91-95% vetrargesta til Íslands 2004-2013 gistu í Reykjavík. Auk þess komu 7-10% sumargesta þangað án þess að gista og 4-8% vetrargesta. Einungis 2-3% sumargesta og 1% vetrargesta komu því ekki til Reykjavíkur.
- Vetrarferðamenn dvöldu að jafnaði 3,6-4,0 nætur í höfuðborginni, eða 68-74% gistenátta sinna á Íslandi. Sumargestir dvöldu þar að jafnaði 3,1-3,4 nætur, eða 30-33% gistenáttanna hér á landi.
- Áætla má að 48% erlendra gistenáttu á Íslandi frá september 2012 til ágúst 2013 hafi verið í Reykjavík; 66% veturinn 2012-2013 og 36% sumarið 2013.
- Áætlað er að gistenóttum erlendra ferðamanna í Reykjavík hafi fjölgæð úr 1,3 milljónum árið 2004-2005 (sept.-ágúst) í 2,8 milljónir árið 2012-2013, eða um 116%. Um 130% fjölgun varð á gistenóttum sumargesta en 109% meðal vetrargesta. 2011-2013 hefur aukning á gistenóttum vetrargesta þó verið meiri (49%) en meðal sumargesta (38%).
- Þegar fjöldi gistenáttu í Reykjavík greindur eftir markaðssvæðum frá september 2012 til ágúst 2013 kemur í ljós að Norðurlandabúar eru með forystuna (22% náttanna). Síðan koma gestir frá Norður-Ameríku (18%), gestir utan helstu markaðssvæða (17%), frá Bretlandi (15%), Mið-Evrópu (14%), Suður-Evrópu (10%) og frá Benelux löndunum (4%).
- Ætluð fjölgun erlendra gistenáttu í Reykjavík á ársgrundvelli frá 2004 til 2013 varð mest meðal ferðamanna frá Norður-Ameríku, 181%, en síðan meðal gesta frá Suður-Evrópu (145%), Bretlandseyjum (131%) og Benelux löndunum (130%). Mun minni meðal gesta frá Mið-Evrópu (105%) og gesta utan helstu markaðssvæða (102%) en minnst meðal Norðurlandabúa (81% aukning).
- Gistenætur Breta í Reykjavík 2012-2013 voru um 2,5 sinnum fleiri að vetri en sumri. Hins vegar eru nætur ferðamanna frá Mið-Evrópu og Suður- Evrópu mun fleiri að sumarlagi.



Afþreying í Reykjavík og einkunn hennar

- 72-78% vetrargesta 2004-2013 fóru á veitingahús í Reykjavík en 65-77% sumargesta. Hlutfall þeirra sem fór á veitingahús óx á tímabilinu og meðaleinkunn veitingahúsa hækkaði mest af þeim afþreyingarþáttum sem spurt var um, eða úr um 7,0 í 8,1-8,3.
- 47-60% vetrargesta 2004-2013 versluðu í Reykjavík en 51-60% sumargesta. Mun hærra hlutfall kvenna en karla stundar verslun og er sá munur vel marktækur. Bretar versla síst af íbúum einstakra markaðssvæða. Einkunn verslana hækkaði verulega á tímabilinu, eða úr 5,9-6,2 í 7,2-7,3.
- 40-50% vetrargesta 2004-2013 fóru í skipulagða dagsferð frá Reykjavík en 19-34% sumargesta. Að jafnaði fara konur heldur meira í slíkar ferðir en karlar. Dagsferðirnar fengu að jafnaði góða einkunn, eða 8,4-8,5.
- 26-39% vetrargesta fóru á söfn eða sýningar í Reykjavík en 31-40% sumargesta. Fólk eldra en 55 ára fór að jafnaði fremur á söfn og sýningar en þeir yngri. Söfn og sýningar fengu meðaleinkunnina 7,8 þennan tíma.
- 28-37% vetrargesta og 27-34% sumargesta fóru í sundlaug/spa í Reykjavík. Þessi afþreying fékk að jafnaði hæstu meðaleinkunnina, 8,4-8,6. Yngra fólkid fer meira í sund en þeir eldir, einkum að sumarlagi.
- 33-41% vetrargesta 2004-2013 fóru út á lífið í höfuðborginni en 18-28% sumargesta. Mun fleiri karlar (42% að vetri og 23% að sumri) en konur (29% og 15%) kynntu sér næurlífið í Reykjavík. Vel marktækur munur var einnig á næurlífi eftir aldrí fólks. Þannig fóru t.d. 51% gesta á aldrinum 16-35 ára eitthvað út á lífið veturna á 2004-2013, 31% þeirra sem voru 36-55 ára en einungis 12% gesta yfir 55 ára. Ferðamenn frá Norðurlöndum, Bretlandi, Norður-Ameríku og utan helstu markaðssvæða stunda næurlífið mun frekar en gestir frá Mið-og Suður-Evrópu og Benelux löndunum. Næurlífið fékk meðaleinkunnina 7,5-7,8 á tímabilinu en í kringum 8,0 upp á síðastið.
- 13-14% vetrargesta 2004-2013 fóru á listviðburð í Reykjavík en 11-18% sumargesta. Yngsta fólkid fór fremur á listviðburði að sumarlagi (16% að jafnaði) en þeir eldir (12-13%). Lisviðburðir í Reykjavík fengu meðaleinkunn í kringum 8,0 á tímabiliu en nokkru hærri árið 2012-2013, eða 8,2-8,5.
- 12-19% vetrargesta 2006-2013 fóru í skipulagðar skoðunarferðir um Reykjavík en 9-17% sumargesta. Konur fóru fremur í slíkar ferðir en karlar, einkum að vetrarlagi. Skoðunarferðirnar fengu meðaleikunnina 7,8-8,0 á tímabilinu.



Reynslan af Reykjavík

- 85-95% erlendra ferðamanna 2004-2013 töldu reynsluna af Reykjavík frábæra eða góða, 5-13% sæmilega og 0-2% slæma. Vetrargestir voru almennt enn ánægðari með borgina en sumarestir.

Mæla með Reykjavík

- 95-98% erlendra vetrargesta og 90-94% sumargesta 2006-2013 ætluðu að mæla með Reykjavík við aðra.





1.0 Inngangur

1.1 Könnunin

Þessi greinargerð byggir á niðurstöðum úr könnunum sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) hafa framkvæmt fyrir Höfuðborgarstofu stöðugt frá janúar 2004 til ágúst 2013, eða í áratug. Spurningarnar fyrir Höfuðborgarstofu hafa verið liður í stærri könnun sem nefnist *Dear Visitors* og er framkvæmd meðal erlendra brottfararfærga í Leifsstöð allt árið um kring og einnig á Seyðisfirði að sumarlagi. Þar hefur m.a. verið spurt um komur og gistinætur erlendra ferðamanna í Reykjavík, afþreyingu þeirra í borginni og um álit á henni (einkunn). Einnig um heildarreynslu af Reykjavík og hvort erlendir gestir muni mæla með borginni við aðra.

Að jafnaði hafa fengist um 4 þúsund svör á ári í *Dear Visitors* könnuninni og því nálægt 40 þúsund svör frá 2004. Í kafla 2.0, sem fjallar um erlenda ferðamenn á Íslandi, er jafnframt stuðst við *Dear Visitors* könnun RRF sumrin 1996, 1998, 2001 og 2003 og þar byggt á um 10 þúsund svörum til viðbótar.





1.2 Úrvinnsla

Í þessari samantekt er leitast við að greina helstu breytingar sem hafa orðið á fjölda erlendra komugesta, næturgesta og gistenóttum þeirra í Reykjavík frá 2004 til 2013 og hvernig þær skiptast eftir markaðssvæðum (búsetu gesta). Einnig verður greint frá helstu breytingum á afþreyingu erlendra ferðamanna í Reykjavík og á áliti þeirra á afþreyingunni (einkunn). Skoðaður verður helsti munur á sumar- og vetrargestum, kynjum, aldurshópum o.fl. sem athygli vekur og má nýta við markaðssetningu borgarinnar gagnvart mismunandi markhópum.

Erlendir ferðamenn eru flokkaðir í sex markaðssvæði eftir búsetu. Gestir með búsetu utan þeirra svæða eru hafðir saman undir heitinu „önnur svæði“.

Tafla 1.1

Skilgreining á markaðssvæðum

| Markaðssvæði | Lönd |
|----------------|--|
| Norðurlönd | Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk. |
| Mið-Evrópa | Pýskaland, Pólland, Austurríki og Sviss. |
| Benelux löndin | Belgía, Holland og Lúxemborg. |
| Bretlandseyjar | England, Wales, Skotland og Írland. |
| Suður-Evrópa | Ítalía, Frakkkland, Spánn, Portúgal, Grikkland ... |
| Norður-Ameríka | Bandaríkin, Kanada og Mexíkó. |
| Önnur svæði | A-Evrópa, Afrika, Asía, Ástralía og S-Ameríka. |





Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og segja til um það með hve mikill nákvæmni megi yfirlægða niðurstöður úrtakskönnunar á þann viðmiðunarhóp eða „þýði“ sem til skoðunar er. Í þessari samantekt er þýðið misjafnt eftir því hvaða tímabil er skoðað, en í flestum tilvikum er um að ræða samanburð á vetrargestum og sumargestum á Íslandi frá 2004 til 2013. Erlendir vetrargesti voru t.d. um 180 þúsund árið 2004-2005 og um 400 þúsund veturinn 2012-2013. Fjöldi svara var að jafnaði 1.800-2.500 hvern vetur. Í töflu 1.2 má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstöllum. Taflan miðar við 95% öryggismörk sem notuð eru í þessari samantekt.

Tafla 1.2**Fráviksmörk í úrtakskönnun – allar tölur í %**

| Fjöldi | 5/95 | 10/90 | 15/85 | 20/80 | 25/75 | 30/70 | 40/60 | 50 |
|--------|------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-----|
| 100 | 4,3 | 5,9 | 7,0 | 7,8 | 8,5 | 9,0 | 9,6 | 9,8 |
| 200 | 3,0 | 4,2 | 5,0 | 5,5 | 6,0 | 6,4 | 6,8 | 6,9 |
| 400 | 2,1 | 2,9 | 3,5 | 3,9 | 4,2 | 4,5 | 4,8 | 4,9 |
| 600 | 1,8 | 2,4 | 2,9 | 3,3 | 3,6 | 3,8 | 4,0 | 4,2 |
| 800 | 1,6 | 2,2 | 2,5 | 2,9 | 3,2 | 3,3 | 3,6 | 3,7 |
| 1000 | 1,4 | 1,9 | 2,2 | 2,5 | 2,7 | 2,8 | 3,0 | 3,1 |
| 1200 | 1,3 | 1,7 | 2,0 | 2,3 | 2,5 | 2,6 | 2,8 | 2,8 |
| 1400 | 1,2 | 1,6 | 1,9 | 2,1 | 2,3 | 2,4 | 2,6 | 2,6 |
| 1500 | 1,1 | 1,5 | 1,8 | 2,0 | 2,2 | 2,3 | 2,5 | 2,5 |
| 1800 | 1,0 | 1,4 | 1,7 | 1,9 | 2,1 | 2,2 | 2,3 | 2,4 |
| 2000 | 1,0 | 1,3 | 1,6 | 1,8 | 2,0 | 2,0 | 2,1 | 2,2 |
| 2200 | 1,0 | 1,2 | 1,5 | 1,7 | 1,9 | 1,9 | 2,0 | 2,0 |

Sem dæmi má taka að ef 5% vetrargesta í *Dear Visitors* stunduðu ákveðna afþreyingu í Reykjavík – og um 2.000 svöruðu spurningunni - verður frávikið frá gefnu hlutfalli +/- 1,0%. Ef 50% stunduðu annars konar afþreyingu verður frávikið þar hins vegar +/- 2,2%. Þessa tölfræði er gagnlegt að hafa í huga við lestur skýrslunnar.




2.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2013

2.1 Fjöldi ferðamanna og gistenátta

Erlendum gestum til Íslands með flugi fjölgæði verulega á árunum 2004-2007. Fjöldi þeirra stóð síðan nokkurn veginn í stað 2008-2010, en frá 2011 til 2013 hefur verið mjög mikil fjölgun. Þegar upp er staðið riflega tvöfaltaðist fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands frá 2004 til 2013, úr

Mynd 2.1 Fjöldi ferðamanna til Íslands 2004-2013



362 þúsund í um 800 þúsund gesti (120% fjölgun), sem jafngildir rúmlega 9% árlegri fjölgun. Ástæður fyrir stöðnuninni 2008-2010 eru einkum þær að í kjölfar bankahrunnsins á Íslandi fækkaði verulega fólk sem kom til Íslands til að vinna og einnig þeim sem komu í viðskiptaerindum. Jafnframt varð nokkur fækkun á ráðstefnu-gestum. Hina miklu aukningu síðustu þrjú árin má líklega


einkum þakka mikilli umfjöllum um Ísland í öllum helstu fréttamiðlum heimsins í kjölfar eldgossins í Eyja-fjallajökli árið 2010, mikilli aukningu á sætaframboði í millilandaflugi og meiri fagmennsku í markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar, svo sem hið verðlaunaða markaðsátak *Inspired by Iceland*, undir forystu Íslandsstofu, er dæmi um. Tengt því er átakið *Ísland allt árið*. Það er sérlega ánægjulegt að síðustu tvö ár hefur ferðamönnum utan sumars fjölgæð mun meira en sumar-gestum, sem leggur grunn að bættri nýtingu fjárfestinga í greininni. Þannig stefnir í að ferða-menn utan sumartíma á þessu ári (2013) verði um 54% gesta til landsins en sumargestir 46%.

Gistinætur erlendra ferðamanna hafa lengi verið um helmingi fleiri að sumri en utan þess, þar sem meðaldvöl sumargesta hefur verið nálægt 10 nóttum en vetrargesta um 5 nætur. Þar hefur þó heldur dregið saman síðustu 2-3 ár, einkum vegna meiri fjölgunar vetrargesta en sumargesta. Einnig hefur meðaldvöl sumargesta heldur verið að styttast og var t.d. um 9,5 nætur að jafnaði sumarið 2013. Þannig má áætla að árið 2013 hafi gistinætur erlendra ferðamanna á Íslandi alls verið 5,7 milljónir; þar af 62% yfir sumarmánuðina en 38% aðra mánuði ársins.




Af gestum frá einstökum markaðssvæðum eru Norðurlandabúar fjölmennastir á ársgrundvelli. Einkum hefur svo verið að vetrarlagi, þar til veturinn 2012-2013 þegar gestir frá Bretlandaseyjum voru heldur fleiri og hafði þá fjlgað tvöfalt frá vetrinum 2010-2011. Hins vegar komu litlu fleiri Bretar til Íslands sumarið 2013 en sumarið 2004. Að sumarlagi hafa ferðamenn frá Norðurlöndum og Mið-Evrópu (Þýskaland, Pólland, Sviss og Austurríki) verið fjölmennastir en sumarið 2013 voru ferðamenn frá Norður-Ameríku jafn margir Norðurlandabúum, í fyrsta skipti þau sumur sem hér er fjallað um. Nokkru færri sumarið 2013 voru ferðamenn utan helstu markaðssvæða og gestir frá Suður-Evrópu (mest Frakkland, þá Spánn, síðan Ítalía...). Gestir frá Suður-Evrópu og Mið-Evrópu koma hins vega mun minna til Íslands að vetrarlagi. Þessu er hins vegar öfugt farið með Bretta sem koma hingað mest að vetrarlagi. Gestir frá Norður-Ameríku eru hins vegar ámóta fjölmennir að sumri og utan þess, svo sem nánar sést á mynd 2.2.

Mynd 2.2 Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum
sumur og utan sumars 2004-2013



2.2 Ferðamáti og farartæki

Mynd 2.3 Ferðamáti erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2013




Ferðamáti erlendra ferðamanna hefur breyst mjög frá því að reglugundnar kannanir hófust hjá Rannsóknunum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) sumarið 1996. Þá skiptust ferðamenn í tvo nánast í jafn stóra hópa; annar var í skipulagðri hópferð en hinn í ferð á eigin vegum. Þetta breyttist svo hratt á næstu árum, þannig að sumarið 2003 voru 67% á eigin vegum, tveir af hverjum þremur, en 33% í hópferð.



Sumarið 2011 var síðan staðan sú að um 80% voru á eigin vegum en 20% í skipulagðri hópferð. Síðustu árin hafa svo kallaðar "self drive" ferðir vaxi mikið, þar sem ferðin er að hluta skipulögð, gisting bókuð fyrirfram af ferðaskrifstofum/ferðaskipuleggjendum og auk þess er oft bókaður bílaleigubíll en ferðamennirnir keyra sjálfir. Frá sumrinu 2012 hefur RRF spurt um tíðni slíkra ferða. Niðurstaðar er sú að bæði sumarið 2012 og 2013 sögðust 17% svarenda vera í "self drive" ferð, 73% alfarið á eigin vegum og 10% í skipulagðri hópferð.

Mynd 2.4 Helstu farartæki erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2013



Aukið sjálfstæði erlendra ferðama nna helst í hendur við mikla aukningu í notkun þeirra á bílaleigubílum og að sama skapi minni notkun á hópferðabílum og áætlunar bílum. Sumarið 1996 nýttu 50% erlendra gesta sér hópferðabíl, 20% áætlunar bíl en 21% bílaleigubíl. Sumarið 2003 notuðu


svipað margir hópferðabíl og bílaleigu-bíl (36-37%) en mun færri áætlunar bíl (27%). Sumarið 2013 nýttu 49% sér eitthvað bílaleigubíl í ferðum sínum um Ísland, 26% nýttu eitthvað hópferðabíl (allmargir í dagsferðum frá Reykjavík) og 16% áætlunar bíl. Auk þess eru ferðamenn í minna mæli á eigin bílum (Norrænufarbegar), á bílum vina/ættingja á Ísland eða hjóla um landið. Þá nýttu 36% vetrargesta 2012-1013 sér bílaleigubíl en 26% gesta veturinn 2007-2008. Mun fleiri nota hópferðabíla að vetri (um helmingur gesta) en sumri enda fara þá fleiri í skipulagðar dagsferðir frá Reykjavík.



3.0 Komur, dvöl og nætur erlendra ferðamanna í Reykjavík


Á árabilinu 2004-2013 gisti að jafnaði 87-91% erlendra sumargesta og 91-95% vetrargesta í Reykjavík. Auk þess komu 7-10% sumargesta þangað án þess að gista og 4-8% vetrargesta. Vetrarferðamenn í Reykjavík dvöldu að jafnaði 3,6-4,0 nætur í höfuðborginni, eða 68-74% gistenáttá sinna á Íslandi. Sumargestir sama tímabils dvöldu að jafnaði 3,1-3,4 nætur í borginni, eða 30-33% dvalarinnar hérlandis. Yngsta fólkvið, 16-36 ára, dvelur að jafnaði heldur lengur í Reykjavík en þeir sem eldri eru. Þeir sem voru í heimsókn á Íslandi dvöldu oftast í 5-6 nætur í Reykjavík að jafnaði og ráðstefnugestir litlu skemur.

Mynd 3.1 Áætlaður fjöldi gistenáttá erlendra ferðamanna í Reykjavík 2004-2013



en 130% meðal sumargesta (júní-ágúst). Aukningin var umtalsverð 2004-2007 og svo enn meiri 2011-2013. Árin 2011-2013 var fjölgun gistenáttá mun meiri meðal vetrargesta (49%) en sumargesta (38%). Áætla má að 48% allra erlendra gistenáttá á Íslandi frá september 2012 til ágúst 2013 hafi verið í Reykjavík; 66% veturinn 2012-2013 og 36% sumarið 2013.

Mynd 3.2 Áætlaður fjöldi og hlutfall náttá erlendra ferðamanna í Reykjavík vetur 2012-13 og sumar 2013 - eftir markaðssvæðum



Benelux löndunum (4%). Gistinætur Bretta í Reykjavík eru 2,5 sinnum fleiri að vetri en sumri. Hins vegar eru nætur ferðamanna frá Mið-Evrópu og Suður- Evrópu mun fleiri að sumarlagi, svo sem betur sést á mynd 3.3.


Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF fyrir Höfuðborgarstofu má áætla að gistenóttum erlendra ferðamanna í Reykjavík hafi fjölgæð úr um 1,3 milljónum árið 2004-2005 (september-ágúst) í nær 2,8 milljónir árið 2012-2013, eða um 116%.

Miðað við niðurstöðurnar varð 109% fjölgun á gistenóttum vetrargesta í borginni frá 2004 til 2013 (sept.-maí)

þegar árlegur fjöldi erlendra gistenáttá í Reykjavík er skoðaður eftir markaðssvæðum frá september 2012 til ágúst 2013 kemur í ljós að Norðurlandabúar eru þar með forystuna (22% náttanna). Síðan koma gestir frá Norður-Ameríku (18%), utan helstu markaðssvæða (17%), frá Bretlandi (15%), Mið-Evrópu (14%), Suður-Evrópu (10%) og frá



Mynd 3.3 Áætluð þróun í fjölda gistenátta erlendra ferðamanna í Reykjavík eftir markaðssvæðum og árstíðum 2004-2013



Þegar áætluð aukning í fjölda gistenátta erlendra gesta í höfðuborginni frá 2004 til 2013 er skoðuð má sjá að hún var hlutfallslega mest að sumarlagi meðað ferðamanna frá Norður-Ameríku (ljósbla lína). Áætlað er að gistenóttum þeirra hafi fjölgæð úr 77 þúsund sumarið 2004 í 214 þúsund sumarið 2013, eða um 214%. Næst mesta fjölgun gistenátta var meðal sumargesta á Suður-Evrópu (141%). Að vetrarlagi var aukningin hins vegar mest meðal gesta frá Bretlandseyjum, eða 161%, en lítillega minni meðal ferðamanna frá Norður-Ameríku (156%) og Suður-Evrópu (150%).

Fjölgun gistenátta á ársgrundvelli frá 2004 til 2013 varð mest meðal ferðamanna frá Norður-Ameríku, 181%, en síðan Suður-Evrópu (145%), Bretlandseyjum (131%) og Benelux löndunum (130%). Fjölgunin var mun minni meðal gesta frá Mið-Evrópu (105%) og gesta utan helstu markaðssvæða (102%) en minnst meðal Norðurlandabúa (81%). Þetta sést betur á töflu 3.1.

Tafla 3.1 Áætluð hlutfallsaukning gistenátta erlendra ferðamanna í Reykjavík eftir markaðssvæðum og árstíðum frá 2004 til 2013

| % | N-lönd | Mið-Evr | Benelux | Bretland | S-Evrópa | N-Ameríka | Aðrir |
|-----------------|--------|---------|---------|----------|----------|-----------|-------|
| Sumar | 117 | 100 | 123 | 78 | 141 | 214 | 124 |
| Vetur | 60 | 112 | 135 | 161 | 150 | 156 | 86 |
| Meðaltal | 81 | 105 | 130 | 131 | 145 | 181 | 102 |


Það má lauslega áætla að útgjöld erlendra ferðamanna í Reykjavík árið 2012-2013 (september-ágúst) hafi verið nálægt 70 milljörðum króna, miðað við 2,8 milljónir gistenátta og 25 þúsund króna meðaútgjöld á dag. Hér eru þó ekki meðtaldar tekjur fyrirtækja sem staðsett eru í Reykjavík en gera út á ferðir um allt land eða eru með aðra ferðajónustustarfsemi á landsvísu. Það er því verðugt rannsóknarefní að skoða betur heildarhagsmuni Reykjavíkur af ferðajónustu og margfeldisáhrif þessarar sívaxandi atvinnugreinar fyrir borgina.



4.0 Afþreying erlendra ferðamanna í Reykjavík

Frá því að kannanir RRF fyrir Höfuðborgarstofu meðal erlendra ferðamanna hófust árið 2004 hefur ávallt verið spurt um afþreyingu fólks í Reykjavík, oftast um 7 til 9 mismunandi þætti. Í mynd 4.1 er fjöldi ferðamanna sem stundaði viðkomandi afþreyingar áætlaður, annars vegar yfir sumarmánuðina (júní-ágúst) og hins vega að vetri (september-maí).


Mynd 4.1 Afþreying erlendra ferðamanna í Reykjavík - áætlaður fjöldi¹





Mynd 4.2 Afþreying í Reykjavík 2012-2013

áætlaður fjöldi sumar og vetur



Úr þessu og einnig mynd 4.2 hér til hliðar má lesa að af þeiri afþreyingu sem spurt var um fóru flestir í veitingahús í Reykjavík, ívið fleiri vetur en sumur. Verslun (shopping) var í öðru sæti og heldur meira stunduð að sumri en vetri, en þó munar þar ekki verulegu. Mun fleiri fara hins vegar dagsferðir frá Reykjavík að vetri en sumri og fleiri stunda þá jafnframt næturlífið.

¹. Ekki var spurt um skipulagðar skoðunarferðir um Reykjavík fyrr en veturinn 2006-7 (bleik lína) og ekki um komur fólks í sund/spa, þar sem það var tilgreint að Bláa lónið ætti EKKI að teljast með, fyrr en veturinn 2007-8 (ljósblá lína). Ekki var spurt um komur á veitingastaði, verslun, næturlíf eða dagsferðir frá Reykjavík sumarið 2006 og ekki um dagsferðir frá Reykjavík veturinn 2005-6. Fjöldi sem stundaði viðkomandi afþreyingu þar er áætlaður miðað við árin á undan og eftir og stjörnumerktur.


Vetrargestir fara hins vegar minna á söfn og sýningar í Reykjavík en sumargestir. Lítill munur er á aðsókn hópanna í sund/spa og á listviðburði.

4.1 Á veitingahús

72-78% erlendra vetrargesta á Íslandi 2004-2013 fóru á veitingahús í Reykjavík í ferð sinni en 65-77% sumargesta á sama tímabili. Áætlað er að 263 þúsund af þeim erlendu gestum sem komu til landsins frá september 2004 til ágúst 2005 hafi farið á veitingahús í höfuðborginni en að sú tala hafi verið 591 þúsund frá september 2012 til ágúst 2013, sem er fjölgun uppá 147% á þessu tímabili. Margir gestanna fara í nokkur skipti á veitingastaði í ferðinni.

Mynd 4.3 Á veitingahús í Reykjavík 2004-13

áætlaður fjöldi í þúsundum



Aukningin var mest frá 2006-2007 og síðan stöðug eftir 2010. Vegna mikillar fjölgunar erlendra gesta síðustu two vetur er svo komið að töluvert fleiri vetrargestir en sumargestir fara á veitingastaði í Reykjavík.




4.2 Verslað

47-60% erlendra vetrargesta 2004-2013 versluðu í Reykjavík í Íslandsferð sinni en 51-60% sumargesta á sama tímabili. Áætlað er að 198 þúsund af þeim erlendu gestum sem komu til

Mynd 4.4 Verslað í Reykjavík 2004-13

áætlaður fjöldi í þúsundum



landsins frá september 2004 til ágúst 2005 hafi verslað í höfuðborginni en að sú tala hafi verið 386 þúsund frá september 2012 til ágúst 2013, sem tvöföldun. Margir þessara gesta fara í nokkur skipti í verslanir í ferðinni.


Aukningin var nokkuð jöfn og þétt 2004-2009, þrátt fyrir stöðnun í fjölda gesta 2008 og 2009, fellur nokkuð 2009-2010 en nær sér aftur á strik

2010 og hefur aukist stöðugt og hraðar en áður síðan þá. Yfirleitt stunda heldur fleiri verslun að sumri en vetri.

Mun fleiri konur en karlar stunda verslun í Reykjavík, einkum að vetri, sbr. næstu mynd.

Mynd 4.5

Hlutfall kynjanna sem verslaði í Reykjavík




Meðal sumargesta 2004-2013 versluðu Bretar síst á Íslandi (47% að jafnaði) en fremur lítt munur var á öðrum markaðssvæðum (55-61%). Að vetri versluðu ferðamenn frá Benelux löndunum og Norður-Ameríku frekar í Reykjavík (58-60%) en gestir annars staðar frá (47-53%).



4.3 Skipulögð dagsferð frá Reykjavík

40-50% erlendra vetrargesta á Íslandi 2004-2013 fóru í skipulagða dagsferð frá Reykjavík en 19-34% sumargesta. Öll árin fóru því fleiri í slíkar dagsferðir að vetri en sumri og sá munur var

Mynd 4.6 Í dagsferð frá Reykjavík 2004-13



mestur á milli vetrar 2012-2013 og sumars 2013. Þessi munur skýrist einkum af því að meirihluti sumargesta fer í lengri ferðir út á land en lætur sér dagsferðir frá höfuðborginni ekki duga.


Áætlað er að 122 þúsund erlendir gestir sem komu til landsins frá september 2004 til ágúst 2005 hafi farið í skipulagðar dagsferðir frá Reykjavík en

að þeir hafi verið um 265 þúsund frá september 2012 til ágúst 2013. Er það fjölgun um 117%. Aukningin hefur verið jöfn og þétt allan tímann, fyrir utan áberandi uppsveiflu árið 2008-2009 (sept.-ágúst).


En þessari aukningu er misskipt á milli sumars og vinters. Þannig er áætlað að fjöldi vetrargesta sem fór í skipulagðar dagsferðir hafi aukist úr 78 þúsund veturinn 2004-5 í 176 þúsund veturinn 2012-13, eða um 131%. Á sama tímabili er áætlað að sumargestum í slíkum í slíkum ferðum hafi fjölgæð úr 46 í 89 þúsund, eða um 93%. Kannanir sýna að þeir sem á annað borð fara í dagsferðir frá Reykjavík fara að jafnaði í um tvær slíkar í Íslandsferðinni.

Að jafnaði fóru mun fleiri konur en karlar í dagsferðir frá Reykjavík 2004-2013, einkum að vetrarlagi, þó stundum muni litlu.

Mynd 4.7 Hlutfall kynjanna sem fóru í skipulagða dagsferð frá Reykjavík




Þeir sem voru yfir 55 ára fóru að jafnaði fremur í dagsferðir frá Reykjavík að vetri (49%) en þeir sem yngri voru (42-43%) og jókst sá munur frá árinu 2009. Að sumarlagi fóru þeir einnig heldur meira í slíkar ferðir (26%) en yngra fólk (21-24%).

**Mynd 4.8 Hlutfall aldurshópa sem fóru í skipulagða dagsferð frá Reykjavík**

Að sumarlagi 2004-2013 fóru gestir frá Norður-Ameríku hlutfallslega mest í dagsferðir frá Reykjavík (39%) en síst ferðamenn frá Mið-Evrópu, Mið-Evrópu og Benelux löndunum (12-16%). Að vetri fóru ferðamenn frá Bretlandi, Norður-Ameríku og utan helstu markaðssvæða mun frekar í slíkar ferðir (47-51%) en gestir annarra markaðssvæða (34-39%).

4.4 Á söfn eða sýningar


26-39% erlendra vetrargesta 2004-2013 fóru á söfn eða sýningar í Reykjavík í Íslandsferð sinni en 31-40% sumargesta. Áætlað er að 123 þúsund af þeim erlendu gestum sem komu til landsins frá



september 2004 til ágúst 2005 hafi heimsótt söfn eða sýningar í höfuðborginni en að sí tala hafi verið 262 þúsund frá september 2012 til ágúst 2013, sem er 113% fjölgun. Margir þessara gesta fara á fleiri en eitt safn eða sýningu. Aukningin var nokkuð jöfn og þétt 2004-2009, dalaði 2010-2011 en jókst kröftuglega 2012-2013, einkum vegna fjölgunar vetrargesta.

Konur voru að jafnaði heldur duglegri en karlar að heimsækja söfn og sýningar í Reykjavík fram til 2011 en árið 2012-2013 var hlutfall karla á söfn og sýningar heldur hærra en meðal kvenna.

Fólk eldra en 55 ára fór að fremur á söfn og sýningar í Reykjavík 2004-2013 (42% að sumarlagi en 40% að vetri) en þeir yngri (35-36% að sumri en 31% að vetri).


**Mynd 4.10****Hlutfall aldurshópa á söfn eða sýningar í Reykjavík**

Af íbúum einstakra markaðssvæða fóru ferðamenn frá Norður-Ameríku mest á söfn/sýningar í Reykjavík 2004-1013; að jafnaði 48% þeirra að sumri en 44% að vetri. Næst þeim komu ferðamenn með búsetu utan helstu markaðssvæða. Að vetri fóru Norðurlandabúar hins vegar áberandi minnst allra hópanna á söfn og sýningar í Reykjavík (að jafnaði 24% þeirra). Gestir frá Bretlandi, Benelux löndunum, Mið-Evrópu og Suður-Evrópu voru þarna á milli (29-36%).

4.5 Í sundlaug/spa

Eins og áður greinir var spurt um komur ferðamanna í sundlaugar/spa í Reykjavík frá upphafi kannana RRF fyrir höfuðborgarstofu árið 2004. Árin 2004-2007 kváðust 60-70% vetrargesta og

Mynd 4.11 Í sund/spa í Reykjavík 2004-13
áætlaður fjöldi í þúsundum




um helmingur sumargesta hafa farið í sund/spa, sem þótti grunsamlega hátt.

Frá og með vetrinum 2007-2008 var því bætt inn í spurninguna að Bláa lónið ætti EKKI að teljast með (enda ekki í Reykjavík). Við það lækkaði hlutfall vetragesta sem kváðust hafa farið í sundlaug/spa í Reykjavík niður í 28-37% á árunum 2007-2013 og hlutfall sumargesta í 27-34%.

Áætlað er að 165 þúsund af þeim erlendu gestum sem komu til landsins frá september 2007 til ágúst 2008 hafi farið í sundlaug/spa í Reykjavík en 209 þúsund frá september 2012 til ágúst 2013. Nemur sú aukning 27%.

Nær enginn munur var á komum kvenna og karla í sundlaugar/spa í Reykjavík 2007-2013.

Yngsta fólkið, 16-35 ára, fór helst í sund/spa, jafnt sumar sem vetur (34% að jafnaði). Fólk á aldrinum 36-55 ára fór þangað litlu síður (30-31%) en síst þeir sem voru yfir 55 ára og þá minna að sumri (22%) en vetri (29%).

**Mynd 4.12****Hlutfall aldurshópa í sundlaug/spa í Reykjavík**


Sumrin 2004-2013 fóru ferðamenn frá Suður-Evrópu helst í sundlaug/spa í Reykjavík, ásamt gestum utan helstu markaðssvæða (33-36%) en Mið-Evrópubúar síst (24%). Að vetrarlagi fóru ferðamenn frá Suður-Evrópu að einnig fremur í sund í Reykjavík (38%) en gestir annarra svæða (24-30%).

4.6 Stunduðu næturlífið

Svipað og með skipulagðar dagsferðir frá Reykjavík þá stunda erlendir ferðamenn næturlífið í Reykjavík fremur að vetri en sumri. Þannig kíktu 33-41% erlendra vetrargesta á Íslandi 2004-2013 eitthvað á næturlífið í höfuðborginni en 18-28% sumargesta.

Mynd 4.13 Stunduðu næturlífið í Reykjavík

áætlaður fjöldi í þúsundum




Áætlað er að 105 þúsund af erlendu gestunum sem komu til landsins frá september 2004 til ágúst 2005 hafi farið út á lífið, en að fjöldinn hafi verið um 207 þúsund frá september 2012 til ágúst 2013 (tvöföldun). Allmargir þessara gesta fara í nokkur skipti á þöbb/skemmtistað. Aukningin var jöfn og


þétt fyrstu fjögur árin, dalar nokkuð 2009-2010, tekur stökk upp á við 2010-2011 en hefur vaxið rólega eftir það.



Mikið fleiri karlar en konur stunda næturlífið í Reykjavík; að jafnaði 42% karla en 29% kvenna að vetrarlagi og 23% karla en 15% kvenna að sumarlagi. Þennan mun má sjá betur á næstu mynd.

Mynd 4.14**Hlutfall kynjanna sem stundaði næturlífið í Reykjavík**

Mikill og marktækur munur var einnig á næturlífsiðkun eftir aldrí fólks. Þannig fóru t.d. 51% gesta á aldrinum 16-35 ára eitthvað út á lífið veturna 2004-2013, 31% þeirra sem voru 36-55 ára en einungis 12% gesta yfir 55 ára. Munurinn var einnig verulegur að sumarlagi þó hlutfallslega fari þá færri út á lífið.

Mynd 4.15**Hlutfall aldurshópa sem stundaði næturlífi í Reykjavík**


Þá má nefna að ferðamenn frá Norðurlöndum, Bretlandi, Norður-Ameríku og utan helstu markaðssvæða stunda næturlífið mun frekar en gestir frá Mið-og Suður-Evrópu og Benelux löndunum.



4.7 Á listviðburð

13-14% erlendra vetrargesta á Íslandi 2004-2013 fóru á listviðburð í Reykjavík í Íslandsferðinni en 11-18% sumargesta. Áætlað er að 57 þúsund af þeim erlendu gestum sem komu til landsins frá

**Mynd 4.16 Á listviðburð í Reykjavík
áætlaður fjöldi í þúsundum**



september 2004 til ágúst 2005 hafi sótt listviðburð í höfuðborginni en að fjöldinn hafi verið 97 þúsund frá september 2012 til ágúst 2013, sem þýðir 70% fjölgun.


Þegar tímabilið er skoðað í heild er allgott jafnvægi í fjölda vetrargesta og sumargesta á listviðburði. Árið 2010-2011 sker sig nokkuð úr, en þá er áætlað að mun fleiri sumargestir hafi

sótt slíka viðburði en vetrargestir. Það snýst síðan við 2012-2013.

Nær enginn munur var á í þátttöku erlendra ferðamanna í listviðburðum í Reykjavík eftir kyni.

Yngsta fólkið fór fremur á listviðburði í Reykjavík að sumarlagi (16% að jafnaði) en þeir eldri (12-13%). Að vetrarlagi stóðu þeir jafnfætis fólki eldra en 55 ára (15%), en miðaldra fólk fór síst (12%).

Mynd 4.17 Hlutfall aldurshópa á listviðburð í Reykjavík



Af íbúum einstakra markaðssvæða fóru ferðamenn Mið-Evrópu að jafnaði mest á listviðburði í Reykjavík að vetrarlagi 2004-2013 (19-20%) en síst gestir frá Bretlandi (10%). Á sumrin fóru Norðurlandabúar helst á listviðburði (16%) en síst ferðamenn frá Bretlandi og Suður-Evrópu (10-11%).




4.8 Í skipulagða skoðunarferð um Reykjavík

Svo sem áður greinir var fyrst farið að spryja um þátttöku erlendra ferðamanna í skipulögðum skoðunarferðum um Reykjavík veturinn 2006-2007. Niðurstaðan er sú að 12-19% erlendra

Mynd 4.18 Í skipulagða ferð um Reykjavík

áætlaður fjöldi í þúsundum



vetrargesta á Íslandi 2006-2013 fóru í skipulagðar skoðunarferðir um Reykjavík en 9-17% sumargesta. Þannig fóru talsvert fleiri í slíkar ferðir að vetrin en sumri öll árin nema 2010-2011, miðað við niðurstöður könnunar RRF.

Fjölgun varð á erlendum gestum í slíkar ferðir frá 2007-2009, fækkuun, 2010-2011, en síðan fjölgun á ný. Áætlað er að þeim fóru í skipulagðar

ferðir um Reykjavík 2006-2013 hafi fjöldað úr 66 þúsund í 94 þúsund, eða um 43%.

Konur fóru fremur í skipulagða skoðunarferð um Reykjavík en karlar, einkum að vetrarlagi, og fólk yfir 55 ára að jafnaði heldur meira en þeir yngri.






4.9 Einkunn afþreyingarþátta í Reykjavík

Á mynd 4.19 má sjá þróun meðaleinkunna sem ferðamenn frá 2004 til 2013 hafa gefið áðurnefndum afþreyingarþáttum í Reykjavík, annars vegar að sumri og hins vegar vetri.

Allan tímamann hafa sund/spa og dagsferðir frá Reykjavík skorað hæst með meðaleikunnina 8,4-8,6 af 10 mögulegum. Af einstökum þáttum hækkaði einkunn veitingastaða í Reykjavík þó mest á þessu 10 ára tímabili; var í kringum 7,0 í byrjun en fór í 8,1 veturinn 2012-2013 og í 8,3 sumarið 2013. Litlu minni hækkun varð á einkunn verslana í Reykjavík, úr 5,9-6,5 í byrjun og upp í 7,2-7,3 árið 2012-2013. Einkunn annarra þátta hækkaði minna en allra þó eitthvað á milli áranna 2004 og 2013.²

Mynd 4.19

Einkunn afþreyingarþátta í Reykjavík³

². Taka skal fram að mismörg svör liggja að baki þessum einkunnum. Flest hjá veitingahúsum, þar sem flestir nýttu sér þau, en fæst varðandi listviðburði og skipulagðar ferðir í Reykjavík.

³. Ekki var spurt um skipulagðar skoðunarferðir um Reykjavík fyrr en veturinn 2006-7 (bleik lína) og ekki um komur fólks í laugar/spa, þar sem það var tilgreint að Bláa lónið ætti EKKI að teljast með, fyrr en veturinn 2007-8 (ljósblá lína). Ekki var spurt um komur á veitingastaði, næturlíf eða dagsferðir frá Reykjavík sumarið 2006 og ekki um dagsferðir frá Reykjavík veturinn 2005-6. Fjöldi sem stundaði viðkomandi afþreyingu þá er áætlaður miðað við árin á undan og eftir og einkenndur með stjörnum.




5.0 Reynslan af Reykjavík

Allt frá því að kannanir RRF fyrir Höfuðborgarstofu hófust meðal erlendra ferðamanna í ársbyrjun 2004 hafa þeir verið spurðir um reynsluna af Reykjavík; hvort hún hafi verið frábær, góð, sæmileg eða slæm. Niðurstaðan er sú að 85-95% aðspurðra telja reynsluna frábæra eða góða, 5-13% sæmilega og 0-2% slæma. Vetrarferðamenn eru almennt enn ánægðari með reynsluna af Reykjavík en sumarferðamenn, svo sem sjá má á meðfylgjandi mynd.

Mynd 5.1

Reynsla erlendra ferðamanna af Reykjavík 2004-2013






6.0 Mæla með Reykjavík

95-98% þeirra erlendu vetrargesta 2006-2013 sem afstöðu tóku ætluðu að mæla með Reykjavík við aðra og sama sögðu 90-94% sumargesta á þessu árabili.⁴

Mynd 6.1 *Ætla að mæla með Reykjavík við aðra - þeir sem afstöðu tóku*



⁴. 6-8% vetrargesta og 12-14% sumargesta tóku ekki afstöðu til spurningarinnar og merktu við „veit ekki“.

